

LAUGARDALUR Í BLÁSKÓGABYGGÐ Aðalskipulag 2000-2012

AUSTUREY I og III

Mars 2014, endursk: september 2014

Breyting á staðfestu aðalskipulagi (fyrrum) Laugardalshrepps 2000 - 2012

① Íbúðasvæði breytist í verslunar- og þjónustusvæði

Fyrirhugað er að byggja upp ferðapjónustu á jörðinni Austurey 1 og 3, í Laugardal í Bláskógabyggð. Landið er um 1,5 ha að stærð og er í um 100 m.h.y.s. Landið er flatlent Tún. Aðkoma að svæðinu er frá Austureyjarvegi.

Samkvæmt fyrirbyggjandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi sem ráðgert er að auglýsa samtímis aðalskipulagsbreytingu þessari, stendur til að byggja upp ferðapjónustu á svæðinu. Ráðgert er að heimilt verði að byggja allt að 1600 fm húsnæði á svæðinu undir gistipjónustu. Engar byggingar eru fyrir á lóðinni. Þó nokkur frístundabyggð er í nágrenninu. Að öðru leyti er á svæðinu stundaður hefðbundinn landbúnaður og eru þar tún og beitarlönd.

Á undanförunum árum hefur fjöldi ferðamanna sem leggja leið sína um svæðið (Uppsveitir Árnessýslu) aukist verulega. Í nágrenni Laugarvatns eru margir helstu ferðamannastaðir landsins s.s. Þingvellir, Skálholt, Gullfoss og Geysir og er því mikil eftirspurn eftir margvíslegri þjónustu við ferðamenn. Ferðapjónustuaðilar og sveitarfélagið hafa lagt áherslu á að koma til móts við þessa eftirspurn með uppbyggingu fjölbreyttrar verslunar- og þjónustustarfsemi í sveitarfélaginu fyrir ferðamenn. Ennfremur mun uppbygging ferðapjónustu auka fjölbreytni og umsvif í atvinnulífi sveitarfélagsins. Hagræn og félagsleg áhrif uppbyggingar ferðapjónustu eru fremur jákvæð þar sem hún eykur fjölbreytni og umsvif í atvinnulífi sveitarfélagsins

Áform þessi samræmast einnig stefnumörkun sveitarfélagsins sem fjallað er um í aðalskipulagi.

Kafla um stefnumörkun bls 70, liður B:

B. Aukin stefnufesta í uppbyggingu ferðapjónustu. Með skipulagningu sem miðar að því að skapa svæðinu sérstöðu, þar sem nýting og verndun haldast í hendur, er hægt að auka enn frekar aðdráttarafl svæðisins fyrir ferðamenn. Til að mæta aukinni umferð ferðamanna og auknum tíma fólks til orlofsdvalar þarf að byggja svæðið markvisst upp sem viðkomu- og dvalarstað þeirra. Kynna þarf markvisst helstu náttúruperlur og menningarminjar svæðisins og auka aðgengi að þeim, s.s. Laugarvatnshella, Vigðulaug, Brúarárskörð, Stóragil-eystra og göngu- og reidleiðir inn á hálendið. Miklir möguleikar eru á uppbyggingu ferðapjónustu innan þéttbýlisins á Laugarvatni, einkum við strönd vatnsins.

Kafla um almenn markmið liður 6, bls 71:

6) Að sköpuð verði góð skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi á Laugarvatni, s.s. smáíðnað og handverk, ylrækt, fyrirtæki á sviði upplýsingatækni, litil sérfræðifyrirtæki og ferðapjónustufyrirtæki.

Ennfremur liður 11, bls 72 :

11) Að unnið verði markvisst að uppbyggingu ferðapjónustu í sveitarfélaginu í samvinnu við ferðapjónustuaðila.

Lögð verður áhersla á vandaðan og snyrtilegan frágang við alla mannvirkjagerð á svæðinu. Nánar verður gerð grein fyrir stærð og staðsetningu mannvirkja og skipulagi lóðar í deiliskipulagi. Áhrif tillögunnar á náttúruferðir eru ekki mikil þar sem landið er ræktað tún. Áhrif á nærliggjandi frístundabyggð gæti þó verið einhver. Til að milda ásynnd að byggingum svæðisins og bæta úr því jarð- og gróðuraski sem framkvæmdirnar valda verður raskað svæði sett gróðri sem hæfir umhverfinu.

Svæði þetta er það lítið (1,5 ha) að aðalskipulagsbreyting þessi mun ekki hafa áhrif á þá stefnumörkun og íbúapróun sem fjallað er um í kafla 1.5 Íbúðasvæði (bls. 74) í greinargerð aðalskipulags (fyrrum) Laugardalshrepps 2000-2012.


Í kafla 1.8. Verslunar- og þjónustusvæði (bls. 76) bætist við liður:

5) Gert er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustulóð (ferðapjónustu) á jörðinni Austurey 1 og 3.


Aðalskipulagsbreyting þessi, sem kynnt hefur verið samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýst samkvæmt 31. gr. sömu laga var samþykkt í sveitarstjórn þann 2014

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann..... 2014

Pétur H. Jónsson skipulagsfr. arkitekt f.a.i.
Laugaveg 13, 101 Reykjavík
Sími: 562-4140 ima@simnet.is



Staðfest aðalskipulag, staðfest 22. nóvember 2001 m.s.br. mkv. 1:50.000



Breytt skipulag

	MÖRK SKIPULAGSBREYTINGAR		STOFNVEGIR
	ÍBÚDARSVÆÐI		TENGIVEGIR
	VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI		AÐRIR VEGIR
	SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDBYGGÐ		GÖNGU- OG REIDLEIDIR
	OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA		NÁTTÚRUVERNÐARSVÆÐI, Svæði á náttúruvinnjaskrá
	LANDBÚNADARSVÆÐI		HVERFISVERNÐARSVÆÐI
	VÖTN, ÁR OG SJÓR		ÞJÓÐMINJAVERNÐARSVÆÐI
	EFNISTÖKUSVÆÐI		HÁSPENNULÍNA